



VERKLAG FSU VEGNA BROTA Á SKÓLAREGLUM

Eftirfarandi verklagi er ætlað að tryggja vandaða, samræmda og uppbyggilega málsmeðferð þegar nemandi brýtur reglur skólans, m.a. varðandi umgengni, hegðun, samskipti, vímuefnanotkun og EKKO mál. Sérstakar reglur gilda um brot á skólasóknarreglum, námsmati og námsframvindu.

Til grundvallar verklaginu eru:

- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Reglugerð 326/2016 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda
- Lög um persónuvernd nr. 90/2018

Ábyrgð nemenda

Nemendur hafa bæði réttindi og skyldur. Í 33. gr. a. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er fjallað um ábyrgð nemenda. Þar segir meðal annars að þeim beri að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks framhaldsskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur. Greiðsla innritunargjalda felur í sér samþykki á öllum reglum skólans. Vanþekking á reglum leysir þá ekki undan ábyrgð.

Í FSU er lögð áhersla á velferð og öryggi nemenda. Öll skulu metin að verðleikum, njóta skilnings og bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Starf skólans byggir á kjörorðunum fjölbreytni, sköpun og upplýsing. Viðurlög við brotum skulu vera málefnaleg og í samræmi við meðalhóf. Leitast er við að leysa mál í samtali en beita skýrum og stigvaxandi viðurlögum þegar við á. Markmið viðurlaga er að stuðla að ábyrgð með hliðsjón af velferð allra sem málið varðar. Viðurlög geta falið í sér tiltal/aðvörðun, skriflega áminningu, brottvísun til skemmri tíma eða varanlegan brottrekstur.

Aðkoma forráðamanna, barnaverndar og lögreglu

Við meðferð mála er metið hvort ástæða sé til að tilkynna mál til annarra yfirvalda, svo sem lögreglu og/eða barnaverndar. Þegar nemandi er yngri en 18 ára skal ávallt leita samstarfs við forráðamenn um úrlausn máls. Einnig skal, eftir því sem við á og með samþykki nemanda, leitast við að hafa samstarf við forráðamenn nemenda sem orðnir eru 18 ára.

Væg úrræði – óformleg

Væg úrræði sem skólar beita til að halda uppi aga og umgengnisvenjum teljast almennt ekki til stjórnvaldsákvæðana og falla því ekki undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga.

Ef brot er ekki metið alvarlegt nægir að starfsmaður (t.d. kennari/námsráðgjafi/félagsráðgjafi) ræði við nemandann og skrái athugasemd í INNU ef tilefni er til. Slík viðbrögð eru óformleg og teljast ekki til formlegrar málsmeðferðar samkvæmt verklagi þessu.

Könnun máls, skráningar og ákvarðanir – formleg málsmeðferð

Ef upp kemur grunur um brot skal bregðast við að vel athuguðu máli (rannsóknarregla stjórnsýslulaga) en þó eins fljótt og auðið er (málshraðaregla ssl.). Viðbrögð skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal valið vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði (meðalhófsregla ssl.). Mál skulu skráð á viðeigandi hátt í skjalakerfi skólans (GoPro/INNA). Persónuvernd er höfð í huga í allri málsmeðferð. Ábyrgð er í höndum þess sem heldur á málinu, t.d. stjórnenda, námsráðgjafa eða félagsráðgjafa. Þegar um áminningar og brottvísanir er að ræða er ábyrgð og lokaákvörðun ávallt skólameistara. Kallað er eftir sjónarmiðum aðila, sérstaklega ef íþyngjandi ákvörðun er yfirvofandi, s.s. brottvísun (andmælaréttur ssl.).



Ferli viðurlaga – formleg málsmeðferð

Viðbrögð eiga að vera í samræmi við tilefnið og stigvaxandi. Það er heimilt en ekki skylt að fara upp á næsta þrep. Til að mynda getur nemandi verið veitt tital oftast en einu sinni. Sé eðli brotsins mjög alvarlegt, er hægt að veita áminningu án tiltals. Viðurlög eru metin í hverju tilviki fyrir sig en stjórnendur hafa ávallt jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga í huga. Fyrirvaralítil brottrekstur er alger undantekning og einungis þegar um mjög alvarlegt brot er að ræða og ástæða er til að ætla að áframhaldandi skólavist ógni öryggi nemandans sjálfs eða annarra. Meðan á málsmeðferð stendur getur nemandi þurft að víkja tímabundið úr skóla til að tryggja öryggi annarra, t.d. ef hann hefur orðið uppvís að ógnandi hegðun.

Prepaskipt viðbrögð – formleg málsmeðferð

Tital/aðvörðun	Stjórnandi/námsráðgjafi/félagsráðgjafi ræðir við nemandann um eðli brotsins, afleiðingar þess og ábyrgð hans í málinu. Fylgt eftir með samtali eða athugasemd í INNU eða tölvupósti. Forráðamenn ólöggráða nemenda eru upplýstir. Markmið tiltals/aðvörðunar er að setja skýr mörk, styrkja og leiðbeina. Nemandi er gerð grein fyrir því að ef hann heldur áfram að brjóta af sér geti næsta skref verið áminning (ef við á).
Áminning	Skrifleg áminning í kjölfar viðtals við nemandi (og forráðamenn ólöggráða nemenda). Nemandi (og forráðamönnum) er gerð grein fyrir alvarleika málsins og nauðsyn þess að bæta ráð sitt. Upplýst að næsta skref geti verið brottvísun. Forsenda fyrir áframhaldandi skólavist getur verið háð samkomulagi, t.d. um að nemandi leiti til námsráðgjafa eða félagsráðgjafa.
Brotvísun - til skemmri tíma	Haldi nemandi uppteknum hætti þrátt fyrir skriflega áminningu má vísa honum tímabundið úr skóla. Formlegt bréf með rökstuðningi er sent á nemandi og forráðamenn. Áður en bréfið er sent er það kynnt nemandi (og forráðamönnum ef við á) í viðtali. Nemandi og forráðamönnum nemandi yngri en 18 ára er gefinn kostur á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 326/2016.
Brottrekstur - varanlegur	Ef allar tiltækar leiðir hafa verið reyndar og ekki tekst að finna lausn á máli nemandi (í samráði við forráðamenn ef við á) er skólameistara heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Formlegt bréf með rökstuðningi er sent á nemandi (og forráðamenn). Fyrirhuguð ákvörðun er kynnt nemandi (og forráðamönnum) í viðtali áður en bréfið er sent. Nemandi er upplýstur um réttindi sín og skyldur, þ.m.t. andmælarétt og kærurétt. Við brottrekstur veitir skólinn nemandi leiðbeiningar um rétt hans til áframhaldandi náms og úrræði sem kunna að standa honum til boða. Námsráðgjafi getur, í samráði við nemandi (og forráðamenn), veitt stuðning og upplýsingar um mögulega skólavist í öðrum framhaldsskóla eða önnur viðeigandi úrræði. Ef talin er þörf fyrir samhæfðan stuðning skal ólöggráða nemandi og forráðamönnum hans kynnt sú þjónusta sem stendur til boða samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Ólöggráða nemandi, sem vísað hefur verið ótímabundið úr skóla vegna brota á skólareglum, á rétt á að stunda nám í öðrum framhaldsskóla skv. 32. gr. laga nr. 92/2008. Nemandi, eldri en 18 ára, á rétt á að sækja um í öðrum skóla og er innritun hans á ábyrgð skólameistara þess skóla.

Byggt á þeim lögum og reglugerðum sem talin eru upp. Verklag frá ML haft til hliðsjónar.

Unnið á vorönn 2026.